

Sýndu það!


Sýndu mér hvað þú átt við með „mannréttindum“.

Málefni	Almenn mannréttindi, börn, borgaravitund
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	9+
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Þetta er verkefni sem byggist á leikrænni tjáningu og hvetur þátttakendur til að: <ul style="list-style-type: none"> • endurskoða almennan skilning sinn á mannréttindum, • finna mismunandi leiðir til að lýsa þessum skilningi.
Tengd réttindi	Öll
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að kanna hvað þátttakendur vita um mannréttindi. • Að skapa skilning á margs konar menningu og efla samskiptahæfileika. • Að þroska samstarfshæfileika og sköpunargáfu.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Leikmunir: föt til að nota sem búninga, leikföng, búsaðhöld o.s.frv. • Pappír og merkipennar í nokkrum litum, vaxlitir. • Lím, þráður og spjald.


Leiðbeiningar

1. Útskýrðu að markmiðið með verkefninu sé að setja fram leikræna útfærslu á hugmyndinni eða hugtakinu mannréttindi sem sé skiljanleg fólki úr ólíkum menningarheimum og sem talar ef til vill ekki sama tungumál.
2. Segðu þátttakendum að ekki megi nota nein orð, þetta verður að vera látbragðsleikur. Hóparnir mega þó nota eitthvað af efniviðnum eða leikmununum ef þeir vilja.
3. Segðu þátttakendum að skipta sér í fjögurra til sex manna hópa og láttu hvern hóp hafa stórt pappírblað og vaxlitapakka/merkipenna.
4. Gefðu hópunum fyrst 10 mínútur til að skiptast á hugmyndum um mannréttindi (hugflæði) og koma sér síðan saman um tvær eða þrjár lykilhugmyndir sem þeir vilja leggja áherslu á í látbragðsleiknum.
5. Gefðu nú hópunum 30 mínútur til að semja og æfa látbragðsleikinn. Leggðu áherslu á að þetta sé hópverkefni og að allir verði að hafa eitthvert hlutverk í gerð þess.
6. Þegar 30 mínútur eru liðnar kallar þú hópana saman svo að allir geti horft á sýningararnar.
7. Gefðu fimm mínútur eftir hverja sýningu fyrir álitsgjöf og umræður.
8. Segðu áhorfendum að lýsa því sem þeir sáu og reyna að greina þær meginhugmyndir sem reynt var að setja fram í sýningunni.
9. Leyfðu síðan hópnum sjálfum að greina í stuttu máli frá atriðum sem ekki komu fram í álitni áhorfenda. Endurtaktu þetta eftir hverja sýningu.


MÁLEFNI



ALMENN MANNRÉTTINDI



BÖRN



BORGARAVITUND

ÞYNGDARSTIG

STIG 4


STIG 3

STIG 2

STIG 1

STIG 2

HÓPSTÆRÐ



9+

TÍMI



90 MÍNÚTUR

Lykildagsetning**10. desember**Alþjóða mannréttinda-
dagurinn**Samantekt og mat**

Farðu nú yfir sjálft verkefnið.

- Hvað fannst þátttakendum um þetta verkefni? Varð það erfiðara eða auðveldara en þeir héldu í fyrstu? Hvaða sjónarmið voru erfiðust, hverju var erfiðast að lýsa?
- Lærðu þátttakendur eitthvað nýtt um mannréttindi?
- Hvað var líkt og hvað ólíkt hjá hópnum? Var einhver verulegur ágreiningur um hugmyndina um mannréttindi? Hvers vegna?

Ábendingar til leiðbeinanda

Best er að leiðbeinandinn skipti sér sem minnst af þátttakendum í þessu verkefni nema þeir viti ekki neitt um mannréttindi. Aðaltilgangurinn er að fá fram þær hugmyndir og þekkingu um mannréttindi sem ungt fólk hefur þegar aflað sér á lífsleiðinni. Vert er að leggja áherslu á þetta atriði við hópinn áður en hann byrjar á verkefninu svo að þátttakendum finnst þeir ekki þurfa að „vita“ nákvæmlega hvað felst í mannréttindum.

Gerðu þeim ljóst að þeir eigi að lýsa „mannréttindum almennt“ en ekki einhverjum afmörkuðum sviðum þeirra. Þeir geta ákveðið að taka fyrir ein tiltekin réttindi til að benda á það sem almennt gildir en þurfa að hafa það hugfast að þeir eiga að reyna að sýna hvað er sameiginlegt með öllum mannréttindum. Í lok tímans ættu áhorfendur að geta svarað (eða byrjað að svara!) spurningunni „hvað eru mannréttindi?“.

Láttu ekki þá sem finnst þeir lélegir leikarar sleppa við að vera með! Útskýrðu fyrir þeim að nóg sé af hlutverkum fyrir alla og að allur hópurinn verði að vera sáttur við sitt framlag. Fáeinir sniðugir leikmunir geta gætt sýninguna lífi og kveikt frjóar hugmyndir – eins og pottar, leikfangabílar, hattar, púðar, steinar, ruslafötulok ...

Tilbrigði

Hægt er að gera verkefnið að eins konar æfingu í að teikna: fá hópana til að útbúa veggspjald – án þess að nota orð – sem túlkar helstu hugmyndir um mannréttindi.

Einnig væri hægt að nota verkefnið fyrir þátttakendur sem eru lengra komnir til að flokka og greina hugmyndir eftir að þeir hafa farið í gegnum ýmis önnur verkefni í handbókinni eða gert eigin athuganir.

Tillögur um framhald

Skoða mætti leikrit eða sögur sem fjalla um mannréttindamál og setja upp leiksýningu fyrir vini og vandamenn.

Ef hópurinn vill halda áfram og skoða einhver tiltekin mannréttindi nánar er ekki úr vegi að líta á Barnasáttmálann með því að vinna verkefnið „Réttindi barna“ á bls. 205.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu haldið áfram að þróa látbragðsleiki sína eða sett upp sameiginlega sýningu og sýnt hana áhorfendum utan hópsins. Ef veggspjaldahugmyndin er notuð er hægt að setja upp sýningu á veggspjöldunum. Báðar þessar hugmyndir mætti nota til að halda upp á alþjóða mannréttindadaginn.